

Ed.

81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin sér hverjum þeim þingmanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað á meðan á þingi stendur, ef hann óskar þess. Þeir utanbæjarþingmenn, sem sjálfir sjá sér fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er í fyrsta lagi lagt til að lögfesta þá venju, sem komst á fyrir nokkrum árum, fyrir forgöngu þingfararkaupsnefndar, að Alþingi greiddi, að minnsta kosti að nokkru, húsaleigu utanbæjarþingmanna yfir þingtímann (húsaleigustyrkurinn). Að utanbæjarþingmenn fái leigulausan bústað meðan á þingi stendur, er auðvitað alveg sjálfsagt réttlætismál, og verða þó kjör þeirra samt sem áður miklu lakari á allan hátt heldur en þeirra þingmanna, sem búsettir eru í Reykjavík. En framangreind venja hefur ekki tvímælalausa stöð í lögum, og virðist því sjálfsagt að lögfesta hana.

Í öðru lagi er lagt til í frv., að utanbæjarþingmönnum verði tryggður bústaður yfir þingtímann. Er það brýn nauðsyn, því á undanförunum þingum hefur það oft legið við borð, að sumir utanbæjarþingmenn gætu ekki setið á þingi sökum þess, að þeir fengu ekki húsnæði, og þó að vinir þeirra og vandamenn hafi að nokkru leyst vandræðin með því að hafa þá sem gesti í íbúðum sínum og sýnt þeim hina mestu gestrisni, þá geta þingmenn ekki á þann hátt fengið þau starfsskilyrði, sem nauðsynleg eru. Auk þess er afar óviðkunnanlegt, að þingmenn þurfi þannig að nota sér gestrisni einstakra heimila og brengría að heimilisfólki.

Auk þinginu s. l. sumar voru ljós þessi vandkvæði, og ályktaði það „að skora á ríkisstjórnina að tryggja alþingismönnum þeim, sem eiga heima utan Reykjavíkur, húsnæði yfir þingtímann framvegis“. En mistök urðu á framkvæmd þessarar ályktunar, t. d. urðu ýmsir þingmenn að bíða allengi eftir að fá húsnæði samkv. henni. Þá mun og í fyrstu hafa staðið til, að sumir þeir þingmenn, sem útvegað var húsnæði, yrðu að greiða allmikið af húsaleiguinni úr eigin vasa, en það var auðvitað þvert á móti tilgangi þingsályktunarinnar. Virðist því auðsætt, að einföld ályktun þingsins um þetta nægi ekki, heldur þurfi lagaákvæði um rétt þingmanna til húsnæðis.

Vera má, að núverandi húsnæðisvandræðum í Reykjavík létti fljótlega. En þótt svo færi, sem óskandi er, munu alltaf verða ýmis vandkvæði á því fyrir utanbæjarþingmenn að fá sér viðunandi húsnæði. Er því samþykkt þessa frv. eða aðrar aðgerðir í sömu átt nauðsynlegar, einnig vegna framtíðarinnar.